R15010184
5700

Reykjavíkurborg

Akraneskaupstaður

# *Viljayfirlýsing*

Með viljayfirlýsingu þessari lýsa Akraneskaupstaður og Reykjavíkurborg því yfir að sveitarfélögin muni hefja sameiginlega skoðun á því hvort flóasiglingar á milli Akraneskaupstaðar og Reykjavíkurborgar geti verið góður valkostur í almenningssamgöngum. Í því felst að fara í ítarlega markaðsrannsókn til að kanna tekjuhlið slíkra siglinga. Stjórn Faxaflóahafna hefur kannað kostnað við kaup og rekstur slíks báts en fulltrúar sveitarfélaganna telja nauðsynlegt að kanna nánar hversu mikill áhugi væri á slíkum siglingum. Slíkt könnun næði bæði til íbúa Reykjavíkur og Akraness en einnig til aðila sem starfa við ferðaþjónustu eða skyldrar starfsemi. Það er augljóst að siglingar gætu verið góður valkostur fyrir þá fjölmörgu íbúa á Akranesi sem starfa í Reykjavík en einnig gætu þær hafa jákvæð áhrif á samgöngur innan borgarinnar.

Reykjavík, 16. janúar 2015

F.h. Akraneskaupstaðar

Regína Ásvaldsdóttir

F.h. Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson

Vitundarvottar:

F.h. Faxaflóahafna
Ólafur Adolfsson

F.h. Faxaflóahafna
Kristín Soffía Jónsdóttir